

# Stjórnarfundur FEB nr. 513 þriðjudaginn 6. maí 2025 kl. 13:30 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

**Mættir aðalmenn:** Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Bergmann, Gunnlaugur A. Júlíusson (mætti til fundar kl. 14:30) og Kristján Guðmundsson

**Mættir varamenn:** Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Bjarni Bjarnason og Fanney S. Jóhannsdóttir.

**Fjarverandi:** Guðrún Ósk Jakobsdóttir og Kristinn Eiríksson

Einnig sátu fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB og Anna Guðmunda Ingvarsdóttir aðstoðarforstjóri HMS sem sat fundinn meðan hún kynnti málefni og stöðu LA.

Dagskrá:

- **Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð**
- **Umsagnir Alþing**  
Farið yfir verkferlið er snýr að afgreiðslu Laganefndar FEB á umsögnum til Alþingis.
- **Skipan fulltrúa FEB fulltrúaráð Múlabæjar og Hlíðabæjar og tillaga að setu í stjórn**  
Fundarmenn ákváðu að skipa eftirtalda aðila sem fulltrúa FEB:

Í fulltrúaráð Múla- og Hlíðabæjar: Sigurbjörgu Gísladóttur og Ingibjörgu Óskarsdóttur

Sem varamann í fulltrúaráð Múla- og Hlíðabæjar: Árna Gunnarsson

Fundarmenn gera það að tillögu sinni við fulltrúaráð Múla- og Hlíðabæjar að fyrir hönd FEB sitji:

Í stjórn Múla- og Hlíðabæjar: Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir og Bjarni Bjarnason  
Í varastjórn Múla- og Hlíðabæjar: Stefanía Valgeirsdóttir

- **Skipan fulltrúa FEB í fulltrúaráð Eirar**  
Fundarmenn ákváðu að skipa Bjarna Bjarnason sem fulltrúa FEB í fulltrúaráð Eirar.
- **Kynning HMS á LA fyrir stjórn FEB**  
Aðstoðarforstjóri HMS, Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, fór yfir málefni og stöðu LA.
- **Erindi frá FEB til Umboðsmanns Alþingis**  
Fyrir lá ákvörðun stjórnar FEB að láta lögmann FEB vinna erindi til Umboðsmanns Alþingis, með ósk um að hann færi yfir afgreiðslu Innviðaráðuneytisins á kvörtun FEB til ráðuneytisins varðandi fækkun fulltrúa FEB í öldungaráði Reykjavíkurborgar. Stjórn FEB var ekki sátt við afgreiðslu ráðuneytisins á kvörtun félagsins til þess. Farið var yfir tillögu lögmannsins að erindinu. Stjórn samþykkti að senda það til UA.
- **Stefnumótun stjórnar FEB**  
Stjórn FEB hefur fengið senda punkta frá stefnumótunarvinnu fyrri stjórna til undirbúnings. Þessum lið var að öðru leyti frestað, en ákveðið var að boða til

sérstaks stefnumótunarfundar stjórnar FEB eftir miðjan ágúst. Nánari dagsetning verður ákveðin síðar.

- Önnur mál  
Formaður skýrði frá fundum sínum á komandi vikum þar sem hann kemur fram fyrir hönd FEB.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 3. Júní kl. 13:30.

Fundi slitið kl. 15:45

Fundargerð rituðu Dýrleif Guðjónsdóttir og Gunnlaugur Auðunn Júlíusson

*Dýrleif Guðjónsdóttir*  
*Gunnlaugur Auðunn Júlíusson*  
*Sigrún Þorsteinsdóttir*  
*Gunnlaugur Auðunn Júlíusson*